



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um málefni innflytjenda (FRN25050071)
Ráðuneyti	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. júní 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp í því skyni draga úr ósamræmi sem hefur verið í endurgreiðslum vegna mismunandi afgreiðslu sveitarfélaga við greiðslur á grundvelli b-liðar 2. mgr. 15. gr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og samræmd móttaka flóttafólks sem og að styðja við áætlun ríkisstjórnarinnar í málafloknum að stuðla að aukinni íslenskukennslu og virkni.

Umrædd 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er frekar almennt orðuð sem hefur leitt af sér mismunandi skilgreiningar sveitarfélaga hvaða aðstoð fellur undir ákvæðið. Útgjöld sveitarfélaga vegna þessa hafa svo verið endurgreidd úr ríkissjóði á grundvelli umrædds ákvæðis. Verði frumvarpið að lögum yrði greiðsla framfærslu samræmd á landsvísu og greidd út af Vinnumálastofnun en ekki sveitarfélagi sem greiðsluþeginn á lögheimili í. Auk þess að samræma greiðslur á landsvísu fæst betri yfirsýn yfir hóp greiðsluþega og einfaldar umsýsluferlið talsvert.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiðslur einskorðist við einstaklinga sem hafa hlotið vernd á Íslandi og nái ekki lengur til ríkisborgara EES, EFTA-ríkja eða erlendra ríkisborgara utan EES og EFTA. Enda er grundvöllur leyfilegrar dvalar háð því að viðkomandi verði ekki ósanngjörn byrði á kerfi félagslegrar aðstoðar eða að framfærsla og sjúkratrygging viðkomandi sé örugg. Hópur þeirra erlendu ríkisborgara sem verða undanskildir rétti til endurgreiðslu á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur numið um 12-15% af heildarfjölda þeirra sem hafa fengið endurgreiðslu síðustu ár. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki um 370-430 m.kr. m.v. fjárheimild ársins í ár, á ársgrundvelli vegna þessara breytinga.

Samhliða breyttu fyrirkomulagi á greiðslu framfærslu er lagt til að fjárheimild samninga um samræmda móttöku flóttafólks við sveitarfélög verði flutt til Vinnumálastofnunar til að sinna aðlögunaráætlun einstaklinga að frátalinni þeirri fjárhæð sem mögulega þarf að greiða til sveitarfélaga vegna einstaklinga sem geta ekki tekið þátt í aðlögunaráætlun stofnunarinnar. Stofnunin mun sinna gerð aðlögunaráætlunar sem mun fela í sér m.a. íslenskunám, samfélagsfræðslu og vinnumarkaðsþjálfun og mun geta varað í allt að tvö ár. Lagt er til að Vinnumálastofnun verði veitt heimild í lögum til að skerða framfærslu til þeirra sem ekki sinna aðlögunaráætluninni án gildra ástæðna.

Heimild stofnunarinnar til að skerða framfærslu þeirra sem ekki sinna aðlögunaráætlun sinni skapar í senn hvata fyrir einstaklinga til aðlögunar að íslensku samfélagi sem og að draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra sem kunna að neita þátttöku.

Frumvarpið leiðir af sér að aukið hlutfall útgjalda ríkissjóðs í málaflokknum renni til íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og vinnumarkaðsþjálfunar í stað félagsþjónustu áður. Þannig munu útgjöld Vinnumálastofnunar aukast á ýmsum sviðum, t.d. við kaup á íslenskukennslu og aðlaga greiðslukerfi sitt að nýjum hópi þjónustuþega o.s.frv., en þau útgjöld rúmist innan fluttra fjárheimilda samræmdrar móttöku.

Útgjöld á grundvelli 15. gr. nam um 3.400 milljónum vegna ársins 2024 en getur sú upphæða hækkað við lokauppgjör við sveitarfélögin. Skipting hópsins sem fékk greidda framfærslu á árinu 2024 var þannig að EES ríkisborgarar var 3,6%, Innflytjendur utan EES 11,2% og þeir ríkisborgarar sem hafa hlotið hér vernd 85,2%

a)

2. Tekjubreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

3. Útgjaldabreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

4. Eignabreytingar.

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

5. Aðrir áhrifapættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

- Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - í gildandi fjárlögum nei
 - í fjárlagafrumvarpi komandi árs nei
 - í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar nei
- Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? Aukin útgjöld Vinnumálastofnunar verður mætt með flutningi fjárheimilda vegna samræmdrar móttöku til stofnunarinnar.
- Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

- Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið. engin
- Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“ á ekki við
- Samkeppnisiskilyrði.
 - Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
 - Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
 - Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
 - Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

- Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Samningar ríkis og sveitarfélaga um samræmda móttöku renna út um áramótin 2025/2026. Verði frumvarpið að lögum fer Vinnumálastofnun með greiðslu framfærslu og sinnir gerð og framkvæmd aðlögunaráætlunar. Félagsþjónusta sveitarfélaga hefur síðustu ár sinnt þeim verkefnum og fengið greitt vegna þessa með framangreindum samningum. Gert er ráð fyrir sérstökum greiðslum vegna þeirra sem eru ófærir til að sinna aðlögunaráætlun sem renna til sveitarfélags viðkomandi vegna væntrar félagsþjónustu en óljóst er hversu umfangsmikill sá hópur verður og þ.a.l. kostnaður vegna þess hóps.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

4. Áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Efni frumvarpsins gerir þær kröfur að einstaklingar sinni aðlögunaráætlun sinni. Aukin virkni hefur jákvæð áhrif á þátttakendur og spornar við einangrun heima fyrir. Ljóst er að flóttamenn koma til landsins frá mismunandi menningarheimum, þar sem jafnvel er gert ráð fyrir því að konan haldi sér á heimilinu og hafi því ekki alltaf sömu möguleika á að aðlagast íslensku samfélagi. Krafa um virkni vegna framfærslu stefnir að því markmiði að sporna við slíkri einangrun og valdeflir einstaklinga til þátttöku í íslensku samfélagi.

7. Áhrif á lýðheilsu.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Áætluð fjárhagsáhrif á ríkissjóðs eru til lækkunar. Ljóst er að þrenging skilyrða til greiðslu framfærslu mun lækka um 370-430 m.kr. mv. fjárheimild ársins í ár. Erfiðara er að meta lækkun útgjalda vegna aukinnar virkniskyldu en mun hún leiða til lægri útgjalda.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?